

Forsætisnefnd -

21. mars 2017

Lagt er til að samþykkt verði að gera breytingar á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þannig að heildarlaunakostnaður borgarfulltrúa og þóknanir annarra kjörinna fulltrúa taki framvegis breytingum til samræmis við launavísitölu. Grunnlaunin skulu miða við þróun launavísitölu frá síðasta úrskurði kjararáðs fyrir upphaf tímabilsins sem rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins miðar við, þ.e. marsmánuð 2013, og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Breytingin skal miðast við 1. nóvember 2016 og er skrifstofustjóra borgarstjórnar falið að vinna nauðsynlegar breytingar á samþykktinni.

Greinargerð:

Greinargerð: Í nágildandi samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg er gert ráð fyrir að grunnlaun borgarfulltrúa séu 77,82% af þingfararkaupi. Í kjölfar úrskurðar kjararáðs nr. 2016.3.001 ákvað borgarstjórn á fundi sínum þann 15. nóvember 2016 að beina því til forsætisnefndar að ákveða að tímabundið taki laun borgarfulltrúa og launagreiðslur annarra kjörinna fulltrúa sem taka mið af þingfararkaupi ekki breytingu þrátt fyrir úrskurðinn. Þessi tímabundna ráðstöfun skyldi standa yfir þar til Alþingi hefur haft tækifæri til að bregðast við úrskurði kjararáðs og var framlengd til 1. mars sl. Bregðist Alþingi ekki við úrskurðinum var því beint til forsætisnefndar að gera breytingu á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Nú liggja fyrir þær breytingar sem Alþingi hyggst gera en þær hafa ekki áhrif á fjárhæð þingfararkaups og hefur forsætisnefnd því unnið að fyrirliggjandi tillögu um skipan launamála kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir því að tenging við þingfararkaup verði afnumin og þess í stað verði tekin upp tenging við launavísitölu til þess að endurspeгла betur almenna launaþróun þannig að gætt verði samræmis við rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins.